

UNG MENNA SAMBAND KJALARNE SPINGS



# Árskýsla

1967

Á R S S K Ý R S L A

Ungmennasambands Kjalarnespings

1967.

1. 44. ársping U.M.S.K.

44. ársping sambandsins var haldið að Ásgarði í Kjós sunnudaginn 20. nóv. 1966. 30 fulltrúar sóttu þingið auk gesta sem voru, Ármann Pétursson gjaldkeri UMFÍ og Eysteinn Þorvaldsson ritstjóri Skinfaxa. Fluttu þeir ávörp á þinginu. Þingið var haldið á vegum Umf. Drengs í Kjós.

Þingið tók fyrir mörg mál og voru íþróttamálin efst á baugi. Sérstaklega var rætt um undirbúning fyrir næsta landsmót UMFÍ sumarið 1968.

Lögð var áherzla á að koma á æfingum í körfuknattleik, en hann hefur ekki verið stundaður til þessa á vegum sambandsaðila. Á þinginu störfuðu fjórar nefndir sem skiliðu álíti um hin ýmsu mál, sem sambandið lætur til sín taka. Þingið beindi þeim tilmælum til sambandstjórnar, að hún athugaði með að ráða framkvæmdastjóra fyrir sambandið.

Fundargerð þingsins var síðan fjölrituð eftir þingið og send þingfulltrúum, og vísast til hennar að öðru leiti en hér hefur verið frá skýrt.

2. Stjórn UMSK.

Á síðasta árspingi reyndist ekki mögulegt að kjósa formann fyrir sambandið. Fyrverandi formaður Úlfar Ármannsson gaf ekki kost á sér áfram. Málalok voru þau að Úlfar Ármannsson tók að sér starf formanns óákveðinn tíma, meðan málið væri athugað frekar.

Gerð var svohljóðandi samþykkt.

44. ársping UMSK haldið 20. nóv. 1966 samp. að formenn félaganna skuli fara með atkvæði þingfulltrúa við kosningu formanns, á til þess boðuðum fundi síðar, þangað til

gegni Úlfar Ármansson störfum formanns. Að öðru leiti var sambandsstjórn kosin einróma.

Mánudaginn 13. febr. 1967 var haldinn stjórnarfundur UMSK í Café-Höll í Rvík. Formenn félaganna mættu á þeim fundi samkv. boðun formanns. Þar var samp. eftirfarandi.

Við undirritaðir formenn í ungmannafélögum innan UMSK samp. samkv. ákvörðun síðasta héraðspings eftirtalda menn í stjórn UMSK fyrir árið 1967.

Sambandsstjórn var þannig skipuð.

Gestur Guðmundsson	Kópavogi	formaður
Pórir Hermannsson	Kjós	varaform.
Sigurður Skarphéðinsson	Mosfellssveit	gjaldkeri
Birgir Guðmundsson	Garðahreppi	ritari
Gísli Snorrason	Kjalarnesi	meðstj.
Hallgrímur Sigurðsson	Álftanesi	meðstj.

Varamenn í stjórn.

Úlfar Ármansson	Álftanesi
Einar Ellertsson	Kjós.
Pálmi Gíslason	Kópavogi
Jóhann Jóhannesson	Garðahreppi
Eyjólfur Magnússon	Mosfellssveit
Jón Ólafsson	Kjalarnesi

Stjórnin hélt 12 bókaða fundi á árinu, og voru tekin fyrir á þeim mörg mál. Höfð var sama regla og árið á undan að í upphafi starfsárs var ákveðinn fastur fundardagur í mánuði hverjum, og var þeirri reglu haldið. Á nokkrum fundum mættu auk stjórnar formenn félaganna og foristumenn íþróttanna

### 3. Húsnaði.

Að stjórnarfundi 6. mars s.l. var samp. að taka á leigu húsnaði hjá UMFÍ í Lindarbæ v/Lindargötu 9 í Rvík. Síma (millisamband frá UMFÍ) fékk sambandið í herbergið. Þetta húsnaði bætir að sjálfsögðu starfsskilyrði sambandsins að mörgu leiti. Komið hefur verið fyrir í húsnaðinu skjölum

og verðlaunagripum sambandsins, ásamt öðrum munum þess.

4. Ráðinn framkvæmdastjóri.

Síðasta héraðsping heimilaði sambandsstjórn að ráða framkvæmdastjóra fyrir sambandið. Þ. 15. maí s.l. var Sigurður Skarphéðinsson ráðinn í starfið, maður þaulkunnugur sambandinu, og ötull félagsmálamaður. Tók hann þegar til starfa, og starfaði til 15. ágúst. Hann ferðaðist mikið um sambandssvæðið og heimsótti félögin, kom á íþróttæfingum hjá sumum þeirra, æfði handbolta hjá Íþr.fél. Gróttu á Seltjarnarnesi. Sá um undirbúning og framkvæmd héraðsmótsins í frjálsum íþróttum og knattspyrnu, þá sá hann einnig um svæðakeppni fyrir landsmótið í knattspyrnu og handknattleik ásamt fleiri störfum fyrir sambandið.

5. Fundir og þing (utanhéraðs).

Sambandið átti fulltrúa á þessum ársþingum. Ársþingi Handknattleikssambandsins, Glímusambandsins, Frjáls-íþróttasambandsins og Knattspyrnusambandsins. Þá sendi sambandið fulltrúa á sambandsþing UMFÍ, sem haldið var á Þingvöllum. Formaður sótti formannaráðstefnu I.S.I sem fram fór í nóvembermánuði á Hótel Loftleiðum.

6. Íþróttasvæði.

A síðasta héðarðspindi var gerð samp. um að sambandsstjórn skrifaði Sambandi Sveitafélaga í Reykjaneshöldum varðandi stuðning þessara aðila við íþróttframkvæmdir við Hlégarð í Mosfellssveit, sem fyrirhugaðan landsmótsstað ungmennafélaganna. Afrit af þessu bréfi var síðan sent hreppsnefnd Mosfellssveitar og jafnframt kvött til aðgerða í þessu aðkallandi máli. Síðan boðaði hreppsn. Mosfellssv. á sinn fund formann sambandsins ásamt framkvæmdastjóra þess. Á þeim fundi mætti íþróttfulltrúi ríkisins, Þorsteinn Einarsson. Á þessum fundi lögðu fulltrúar sambandsins áherzlu á, að nauðsynlegt væri að flýta framkvæmdum við þetta íþróttasvæði, sem væri ýmsum

kostum búið í sambandi við stærri íþróttamót. Hreppsnefnd-armenn voru á sama máli. Þorsteinn Einarsson hafði aðra skoðun á málínu, mælti hann með, að komið væri upp íþróttavöllum á hverju félagssvæði fyrir sig. Annað hefur ekki gerst í þessu máli. Vonandi er að málínu verði haldið vakandi, og einhver ráð verði viðhöfð til þess að þoka því áleiðis.

7. Skák.

Ungmennafélag Íslands stóð fyrir landsmóti í skák á síðasta vori. Fór það fram í Leirárskóla í Borgarfirði 6. maí. Í byrjun leit vel út með að senda þangað beztu skákmenn sambandsins, en á síðustu stundu gengu þeir úr lestinni hver á fætur öðrum, svo aðeins einn þeirra sem upphaflega átti að senda, stóð eftir. Það var því að ráði að fá aðra í skarðið, heldur en að hætta þáttöku, sem undir þessum kringumstæðum hefði verið eðlilegt. Þetta tókst nú ekki betur en svo, að einn vantaði í sveitina. Útkoman varð sú að UMSK fékk 1/2 stig. Hefðu þeir menn mætt til leiks, sem ætlað var, hefðu þeir veitt keppinautum sínum harða keppni, og máske komið með sigur af hólmi.

8. Bridge-mót.

Sambandið stóð fyrir Bridge-keppni og tóku 3 sambandsfélög þátt í henni, umf. Breiðablik, umf. Afturelding og umf. Drengur. Voru 4 sveitir frá hvoru félagi. Fyrri hluti keppninnar fór fram 5. mars en síðari 11. maí. Báðar keppnirnar fóru fram í Kópavogi. Úrslit urðu þau að umf. Drengur í Kjós vann keppnina og hlaut 37 stig, Breiðablik fékk 34 stig og Afturelding 1 stig. Sambandið veitti bikar í þessu móti sem sambandsform. afhenti og gat þess um leið, að næsta veturn myndi sambandið taka upp þráðinn aftur, og veita bikar (farand-bikar) sem keppa ætti um í nokkur ár.

9. Nýr sambandsaðili.

Í fyrravetur var Íþróttafélagið Grótta stofnað á Sel-

tjarnarnesi, félagið sendi inntökubeiðni í UMSK og samþykti sambandsstjórn einróma inntökubeiðnina með þeim fyrirvara að leggja hana fyrir héraðsping til afgreiðslu, og verður tillaga þar um, lögð fyrir þetta þing. Sambandsstjórn býður félagið velkomið í samtökin.

10. Stækkun sambandssvæðisins.

A síðasta héraðspindi var samp. tillaga um að athuga möguleika á stækkun núverandi félagssvæðis UMSK. Var sambandsstjórn falið að undirbúa lagabreytingu fyrir næsta þing í því sambandi. Stjórnin hefur rætt þetta mál, og orðið samkomulag um að fresta málinu um sinn.

11. Löggilding íþróttadómara.

Sambandsstjórn skrifaði Frjálsíþróttasambandi Íslands, og óskað eftir að nokkrir íþróttamenn sem hún tilnefni væri veitt héraðsdómararéttindi í frjálsum íþróttum. Fyrir stuttu var tilnefndum mönnum afhent dómaraskírteini, og eru það þessir: Sigurður Geirdal, Þórður Guðmundsson, Magnús Jakobsson og Pálmi Gíslason, þá var Herði Ingólfssyni veitt landsdómararéttindi. Allir þessir menn eru félagar í Breiðablik.

12. Fjármál sambandsins.

Eins og reikningar sambandsins sína eru aðaltekjur þess styrkir frá eftirtöldum aðilum. Kjósarsýslu, Gullbringusýslu, Kópavogskaupstað og Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, færir sambandsstjórn þessum aðilum beztu þakkir fyrir þessa miklu aðstoð. Þetta sýnir það, að nefndir aðilar meta samtök okkar, þar sem framlög til sambandsins hækkuðu um helming frá fyrra ári, og meir en það í sumum tilfellum.

Þessi aðstoð við sambandið, gerir því kleyft að gera málefnum þess nokkur skil, þó því vanti enn fjármagn til að veita sambandsaðilum meiri aðstoð í félags- og íþróttamálum. Þá naut sambandið útbreiðslustyrks I.S.I. sem undanfarin ár.

Sambandsfélögin sáu um sölu á happdrættismiðum I.S.I. og nutu þau tekjum af því. Gerð var tilraun að koma á fjáröflunarskemmtun í Félagsgarði, en hagstæðir samningar við hljómlistarmenn tókust ekki.

### 13. Iþróttir.

Aðalviðfangsefni sambandsstjórnar var sem fyrr, íþróttamálín. Íþróttirnar virðast eiga erfitt uppráttar hjá einstökum sambandsfélögum, en hjá öðrum er það viðunalegt. Hæst ber á íþróttastarfi umf. Breiðabliks í Kópavogi, þar er vaxandi áhugi fyrir vissum íþróttagreinum. Í umf. Breiðablik eru þessar íþróttagreinar stundaðar, frjálsar íþróttir, knattspyrna, handknattleikur, glíma og körfubolti. Það má segja það með sanni, að í nær öllum íþróttamótum og keppnum sem sambandið stóð að og var páttakandi í á árinu, hafi verið íþróttafólk frá Breiðablik. Það verður að finna einhver ráð til þess að vekja upp áhuga hjá þeim félögum sem lítið eða ekkert hafa starfað í þessum efnum undanfarin ár.

Í stuttu máli verður hér getið um það helzta sem skeði á íþróttasviðinu á árinu.

### Skólamót.

Í fyrra vor, var í fyrsta sinn sem sambandið stóð fyrir víðavangshlaupi milli barna- og gagnfræðaskóla á sambandssvæðinu. Fyrsta tilraunin tókst vel, var því að ráði að halda áfram á sömu braut. Keppnisreglur voru þær sömu og áður. Hlaupið fór fram í Kópavogi að þessu sinni þ. 29. apríl. Mótstjóri var Hörður Ingólfsson.

60 páttakendur voru í hlaupinu. Áður fóru fram undankeppnir í skólunum, og hafa á milli 500 og 600 skóladrengir tekið þátt í þessu hlaupi.

Keppt var í 4 aldursflokkum. Sigurvegara í hverjum flokki var veittur verðlaunapeningur, næstu 5 verðlaunaskjöl. Auk þess var þeim skóla afhentur bikar frá sambandinu sem vann á stigum.

### Sundmót.

A héraðspingum undanfarin mörg ár hefur verið rætt um að koma á héraðsmóti í sundi. Aðstaða til sundæfinga hefur ekki verið fyrir hendi á sambandssvæðinu fyrr en nú, þar sem góð sundlaug er komin við Hlégarð í Mosfells sveit, og verið er að taka sundlaug í notkun í Kópavogi um þessar mundir.

A síðasta vori var í fyrsta sinn í sögu sambandsins komið á slíku móti. Það fór fram í Varmárlaug í Mosfells sveit. Páttakendur voru 47 frá aðeins tveimur félögum. Breiðablik og Aftureldingu. Keppt var í tveimur aldurs flokkum karla og kvenna, í mörgum sundgreinum. Mótstjóri var Eyjólfur Magnússon.

Axel Jónsson fyrrum form. sambandsins gaf bikar til keppninnar, er það farandgripur.

Umf. Afturelding bar sigur úr bítum á þessu fyrsta sundmóti. Það kom bersýnilega í ljós, að innan sambandsins er mikið af ungu sundfólki sem getur hæglega söölað sér veglegan sess í greininni á landsmótum UMFÍ í framtíðinni.

### Héraðsmót í frjálsum íþróttum.

Frjálsíþróttamót sambandsins fór fram 22. og 23. júlí, á íþróttavelli Aftureldingar í Mosfellssveit. Keppt var í karla, kvenna og sveinagreinum. Keppendur voru 38 frá aðeins tveimur félögum, umf. Breiðablik og Drengs í Kjós. Mótstjóri var Sigurður Skarphéðinsson. Þess skal getið, að aðstaða á vellinum var slæm, og árangur varð í samræmi við það. Verðlaun voru veitt fyrir beztu afrek samkv. stigatöflu, sem þessir hlutu, Lárus Lárusson fyrir kúluvarp, Dröfn Guðmundsdóttir fyrir kringlukast, og Ólafur Ólafsson fyrir kúluvarp drengja.

### Pátttaka í frjálsíþróttamótum.

Drengjameistaramót Íslands, innan hús fór fram í íþróttahúsinu í Kópavogi undir umsjón Breiðabliks, mótið var fjölmennt og skemmtilegt.

Margir páttakendur voru frá sambandinu á Meistaramóti Íslands í frjálsum íþróttum. Sambandið hlaut tvö meistara-stig á mótinu, Kristín Jónsdóttir úr Breiðablik sigraði þar glæsilega í 100 og 200 m. hlaupi, og jafnaði þar með íslandsmetið í 200 m. hlaupi. Þetta er athyglisverður árangur Kristínar, þar sem þetta var hennar fyrsta pátt-taka í íþróttamóti. Sambandsstjórn þakkar henni fyrir þetta afrek, um leið og hún óskar henni til hamingju með sigur-inn, og vonumst til að eiga eftir að sjá hana hreppa margar sigra á næstu árum.

Þá tók sambandið pátt í Bikarkeppni FRÍ sem fram fór í Rvík, og höfnuðu þar í 5. sæti.

Auk þess tóku margir frjálsíþróttamenn frá Breiðablik pátt í flestum frjálsíþ. mónum sem haldin voru í Rvík. kepptu þeir undir merki UMSK í flestum tilefllum.

Kópavogsbaer bauð þremur frjálsíþ. mönnum úr Breiða-blik, á fjölmennt vinabæjarmót í Svíþjóð, og með þeim fór Kristín Jónsdóttir, þá nýverið íslandsmeistari. Þessir keppendur stóðu sig vel, og komust þrír af þeim á verðlauna-pallinn.

Víðavangshlaup Breiðabliks fór fram að venju, og sigur-vegari varð Þórður Guðmundsson.

Gerð var tilraun með að koma á kvennakeppni í frjálsum íþróttum við Skarphéðinn og ungmennasamband Borgfirðinga, sem ekki tókst að þessu sinni.

#### Glíma.

Glímuæfingar fóru fram undir forystu Glímudeildar Breiða-bliks og Stjörnunni í Garðahreppi. Glíman á miklu fylgi að fagna hjá ungum drengjum.

Sambandið sendi two keppendur í fjórðungsglímu Sunnlendinga, og vann Ármann L. Lárusson, í annað sinn, Breiðablik átti 3 keppendur í Landsflokkaglímunni, og sigraði Ármann þar einnig. Þá átti sama félag 2 keppendur í Íslands-glímunni. Ármann Lárusson var glímukóngur Íslands í 15. sinn sem er frábært afrek. Sambandsstjórn óskar honum til hamingju með glæsilegan feril að baki í glímunni.

### Bandalagakeppni.

Bandalagakeppni milli UMSK. UMSE. og ÍBA. fór fram á Laugalandsvelli í Eyjafirði, 9. sept. UMSE sá um framkvæmd keppninnar.

Úrslit urðu þau, að UMSE bar sigur úr bítum, hlaut 83 stig, UMSK. 68 og ÍBA. 63 stig. UMSE hefur unnið þessa keppni fimm sinnum, og hlaut því til eignar bikar þann sem keppt hefur verið um, síðan þessi bandalagakeppni hófst. Fararstjóri íþróttamanna UMSK var Pálmi Gíslason.

### Bæjarkeppni.

Hin árlega bæjarkeppni í frjálsum íþróttum á milli Kópavogs og Vestmannaeyja, fór fram síðast í ágústmánuði, í boði Breiðabliks. Keppt var á Ármannsvellinum í Rvík. Leikar fóru þannig, að jafntefli varð í karlsgreinum, en Kópavogur vann í kvennagreinum.

Umf. Breiðablik stóð fyrir Meistaramóti Kópavogs, í frjálsum íþróttum, vormóti Kópavogs auk fleiri móta.

### Handknattleikur.

Handknattleiksstúlkur (Breiðabliksliðið) tóku þátt í undankeppni landsmótsins. Liðinu gekk mjög vel, sigraði UMFK 10:6 og HSK 9:5. Liðið átti svo að spila úrslitaleik við HSH, sá leikur fór ekki fram, þar sem HSK gaf leikinn. Handknattleikslið frá sambandinu keppir því á landsmótinu næsta sumar.

Handknattleiksstúlkur Breiðabliks unnu sig upp í 1. deild Íslandsmótsins. Tilraun var gerð, með að koma á héraðsmóti í handkn. leik, en þátttaka fékkst ekki.

### Knattspyrna.

Undankeppni í knattspyrnu fór fram vegna landsmótsins, og tók Breiðabliksliðið þátt í henni undir merki UMSK. Leikar fóru þannig, að UMSK vann UMSB á íþróttavellinum í Kópavogi með 6:0. Síðan kepti liðið við HSK á Selfossi, jafntefli varð 0:0, síðan kepti liðið

úrslitaleik við HSP í Reykjaskóla í Hrútafirði og töpuðu þeim leik 2:3. Þessi úrslit urðu okkur í UMSK mikil vonbrigði, því við töldum það víst að liðið kæmist á næsta landsmót, það eru orð að sönnu, að í knattspyrnu getur allt skeð.

Knattspyrnumenn Breiðabliks fóru í keppnisferð til Noregs og Danmerkur s.l. sumar, á vegum knattspyrnudeildar félagsins, sem sá um allan undirbúning vegna ferðarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem knattspyrnuflokkur fer utan til keppni, skipað þátttakendur innan raðir UMSK. Ferðin tókst mjög vel, og hafi knattspyrnumenn beztu þakkir fyrir.

Breiðabliksmenn tóku þátt í Íslandsmótinu nema í 1. deild á síðasta sumri, ásamt Bikarkeppni KSÍ og fleiri keppnum.

Héraðsmót í 4. og 5. fl. í knattspyrnu fór fram nú í fyrsta sinn í sögu sambandsins, tóku 3 félög þátt í mótinu, Breiðablik, Stjarnan og Grótta á Seltjarnarnesi. Mótið tókst vel, og voru leiknir alls 12 leikir, tvöföld umferð, heima og heiman. Leikirnir fóru því fram í Garðahreppi, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Úrslit urðu þessi. Breiðablik vann í báðum flokkum, í 4. fl. með 8 stigum. Stjarnan hlaut 2 stig og Grótta 2 stig og í 5. fl. með 7 stigum. Grótta hlaut 5 stig en Stjarnan ekkert stig. Sambandið veitti two bikara í þetta móti, eru það farandgripir sem vinnast því félagi til eignar, sem sigrar prisvar í röð eða fimm sinnum alls. Gefendur þessara gripa eru Umf. Afturelding í Mosfellssveit og Blikksmiðjan Vogur í Kópavogi, sendir sambandsstjórn þessum aðilum sínar beztu þakkir fyrir.

Sambandsstjórn leggur áherzlu á, að halda þessi móti árlega, enda virtist vera mikill áhugi meðal hinna ungu drengja fyrir þessari keppni, og æskilegt að fleiri félög bætist þar í hópinn.

#### Körfubolti.

Að síðasta héraðspingi var gerð samþykkt um að kenna möguleika á því að koma á stað æfingum í körfubolta. A

síðasta vетri var byrjað á æfingum, sem félagar úr Breiðablik stofnuðu til. Í haust hófust svo æfingar að nýju, og eru líkur fyrir því, að sambandið geti tekið pátt í undankeppni fyrir landsmótið, sem mun fara fram eftir áramót.

14. Sambandsaðilar.

Eins og skýrt er frá í skýrslunni bættist nýr aðili að sambandinu á árinu, Íþróttafélagið Grótta á Seltjarnarnesi, eru því 7 félög nú aðilar að UMSK. Félaga-tala þess var í ársbyrjun alls (autt) þar af skattskyldir 501. Vitað er að félagatalan hefur nokkuð aukist á árinu, en stjórnin hefur þá tölu ekki tilbúna, svo ekki er hægt að geta um hana hérlendis.

15. Lokaorð.

Hér hefur verið greint frá því helzta í starfsemi sambandsins á starfsárinu.

Sambandsstjórn hefur reynt eftir megni að halda í horfingu, miðað við starfsemi síðustu ára. Margt hefur eflaust orðið útundan en það verða allir að hafa í huga, þegar rætt er um starfsemi sambandsins, að hún byggist á því hvað mikið og fjölpætt starf er hjá sambandsfélögunum hverju sinni. Aukið starf hjá félögunum, leggur meiri vanda á hendur stjórn sambandsins, en um leið er það hvatning til hennar að afkasta meiru, sameina kraftana innan sambands- svæðisins til meiri verka og dáða í þágu æsku héraðsins fyrst og fremst.

Sambandsstjórn pakkar öllum þeim aðilum sem hafa stutt samtökin á einn eða annan hátt á liðnu starfsári.

Stjórn UMSK. 5. des. 1967.

Gestur Guðmundsson, formaður  
Þórir Hermannsson, varaformur.

Sigurður Skarphéðinsson

Birgir Guðmundsson

Gísli Snorrason

Hallgrímur Sigurðsson

### BRIDGEMÓT UMSK.

Keppni var á milli félaganna og urðu úrslit þessi.

No. 1. Drengur í Kjós	37 stig.
- 2. Breiðablik Kópavogi	34 -
- 3. Afturelding, Mosfellssveit	1 -

### Víðavangshlaup skóla í Kjalarnesþingi.

Úrslit urðu þessi. Getið er um 6 fyrstu í hverjum aldursfl.

#### 1. aldursflokkur 10 ára og yngri hlupu 800 metra.

1. Jón Kristjánsson	Barnask. Garðahr.	2,53,4 mín.
2. Vignir Baldursson	Kársnesskóla	2,53,8 -
3. Lárus Halldórsson	Varmárskóla	2,55,2 -
4. Guðmundur Þórðarson	-	2,56,0 -
5. Óskar Halldórsson	Kópavogsskóla	
6. Pétur Práinsson	Digranesskóla	

Stigahæstu skólarnir í þessum aldursflokkum.

1. Varmárskóli Mosfellssveit
2. Kópavogsskólinn
3. Digranesskólinn Kópavogi

#### 2. aldursflokkur 11 og 12 ára hlupu 1000 metra.

1. Böðvar Sigurjónsson	Kópavogsskóla	3,06,0 mín.
2. Hinrik Þórhallsson	Kársnesskóla Kópav.	3,07,6 -
3. Ragnar Sigurjónsson	Kópavogsskóla	3,18,5 -
4. Brynjólfur Jónsson	Kársnessk. Kópav.	3,21,8 -
5. Tómas Rasmus	Kópavogsskóla	
6. Ríkharður Jónsson	Digranessk. Kópav.	

Stigahæstu skólarnir í þessum aldursfl.

1. Kópavogsskólinn
2. Kársnesskólinn Kópav.
3. Digranesskólinn -

3. aldursflokkur 13 og 14 ára hlupu 1200 metra.

1. Einar Þórhallsson	Gagnfr. sk. Kópav.	4,01,5 mín.
2. Ómar Önfjörð	Gagnfr. sk. Brúarl.	4,09,1 -
3. Helgi Sigurjónsson	Gagnfr. sk. Kópav.	4,15,2 -
4. Bjarki Bjarnason	Gagnfr. sk. Brúarl.	4,21,4 -
5. Þorvaldur Baldursson	Gagnfr. sk. Kópav.	
6. Þorsteinn Pétursson	Gagnfr. sk. Brúarl.	

Stigahæstu skólarnir urðu þessir.

1. Gagnfræðaskólinn Kópav.
2. Gagnfræðaskólinn Brúarlandi
3. Gagnfræðaskólinn Garðahreppi

4. aldursflokkur 15 og 16 ára hlupu 1400 metra.

1. Ingvar Ágústsson	Gagnfr. sk. Kópavog.	4,53,6 mín.
2. Rúnar Viktorsson	Gagnfr. sk. Garðahr.	5,05,7 -
3. Gunnlaugur Helgason	Gagnfr. sk. Kópav.	5,08,5 -
4. Óskar Þórmundsson	-	5,08,5 -
5. Heimir Guðjónsson	Gagnfr. sk. Garðahr.	
6. Árni Sigurbjörnsson	-	

Stigahæstu skólarnir urðu þessir.

1. Gagnfræðaskólinn í Kópavogi
2. Gagnfræðaskólinn Garðahreppi

Sambandsmót í sundi.

100 m. br. sund telpna 14 ár og yngri.

1. Bjarnveig Pálsdóttir	A. 1.58,3 mín.
2. Anna Guðnadóttir	A. 1,58,8 -
3. Ásta Jóhannsdóttir	A. 2,02,0 -

25. m. skriðsund telpna.

1. Bjarnveig Pálsdóttir	A. 19,9 sek.
2. Margrét Baldursdóttir	A. 20,2 -
3. Anna Guðnadóttir	A. 21,4 -

25 m. baksund telpna.

- |                              |              |
|------------------------------|--------------|
| 1. Margrét Baldursdóttir     | A. 24,7 sek. |
| 2. Anna Guðnadóttir          | A. 28,2 -    |
| 3. Hildigunnur Haraldsdóttir | B. 30,4 -    |

6X25 m. boðsund telpna.

- |                        |             |
|------------------------|-------------|
| 1. Sveit Aftureldingar | 2,40,0 mín. |
|------------------------|-------------|

100 m. br. sund drengja 14 ára og yngri.

- |                        |                |
|------------------------|----------------|
| 1. Magnús Jóhannsson   | B. 1,57,2 mín. |
| 2. Sturlaugur Tómasson | A. 2,02,0 -    |
| 3. Georg Magnússon     | A. 2,02,2 -    |

25 m. skriðsund drengja.

- |                       |              |
|-----------------------|--------------|
| 1. Georg Magnússon    | A. 17,5 sek. |
| 2. Pétur Thors        | A. 17,9 -    |
| 3. Sigurður Andrésson | A. 18,4 -    |

25 m. baksund drengja.

- |                          |              |
|--------------------------|--------------|
| 1. Pétur Thors           | A. 20,4 sek. |
| 2. Marteinn Valdimarsson | A. 27,1 -    |
| 3. Magnús Jóhannsson     | B. 27,2 -    |

6X25 m. boðsund drengja.

- |                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 1. A-sveit Aftureldingar | 1,59,1 mín. |
| 2. B-sveit Aftureldingar | 2,16,3 -    |

100 m. br. sund stúlkna 15 ára og eldri.

- |                            |                |
|----------------------------|----------------|
| 1. Signý Jóhannsdóttir     | A. 1,55,8 mín. |
| 2. Guðlaug Sigurðardóttir  | A. 1,56,2 -    |
| 3. Helga Sigurbjörnsdóttir | A. 2,03,5 -    |

50 m. skriðsund stúlkna.

- |                          |              |
|--------------------------|--------------|
| 1. Signý Jóhannsdóttir   | A. 49,1 sek. |
| 2. Kristín Gylfadóttir   | A. 50,4 -    |
| 3. Guðný Þorgeirs dóttir | A. 53,2 -    |

25 m. baksund stúlkna.

- |                           |              |
|---------------------------|--------------|
| 1. Þórnar Halldórsdóttir  | A. 21,0 sek. |
| 2. Guðný Þorgeirs dóttir  | A. 24,4 -    |
| 3. Guðlaug Sigurðardóttir | A. 28,8 -    |

6X25 m. boðsund stúlkna.

- |                        |             |
|------------------------|-------------|
| 1. Sveit Aftureldingar | 2,24,2 mín. |
|------------------------|-------------|

200 m. br. sund karla 15 ára og eldri.

- |                         |                |
|-------------------------|----------------|
| 1. Ólafur Ólafsson      | A. 3,26,7 mín. |
| 2. Kristján Hermannsson | A. 3,37,4 -    |
| 3. Bernhard Linn        | A. 3,37,4 -    |

50 m. skriðsund karla.

- |                    |              |
|--------------------|--------------|
| 1. Thor Thors      | A. 32,8 sek. |
| 2. Bernhard Linn   | A. 34,2 -    |
| 3. Lárus Einarsson | A. 36,3 -    |

50 m. baksund karla.

- |                    |              |
|--------------------|--------------|
| 1. Thor Thors      | A. 42,0 sek. |
| 2. Bernhard Linn   | A. 52,3 -    |
| 3. Ólafur Lárusson | A. 52,5 -    |

6X25 m. boðsund karla.

- |                          |             |
|--------------------------|-------------|
| 1. A-sveit Aftureldingar | 3,53,9 mín. |
| 2. B-sveit Aftureldingar | 4,28,0 -    |

Flest stig einstaklinga hlutu Anna Guðnadóttir og Bernhard Linn UMFA 20 stig.

Sambandsmót í frjálsum íþróttum.

karlar.

100 m. hlaup.

1.	Gunnar Snorrason	B.	12,8 sek.
2.	Magnús Steinþórsson	B.	12,9 -
3.	Steingrímur Hauksson	B.	13,1 -
4.	Oddur Grímsson	B.	13,1 -

400 m. hlaup.

1.	Gunnar Snorrason	B.	58,7 sek.
2.	Magnús Steinþórsson	B.	60,8 -

1500 m. hlaup.

1.	Gunnar Snorrason	B.	4,40,5 mín.
----	------------------	----	-------------

1000 m. boðhlaup.

1.	Sveit UBK		2,22,1 mín.
----	-----------	--	-------------

Kúluvarp	Lárus Lárusson	B.	13,88 m.
	Ármann J. Lárusson	B.	12,37 -

Kringlukast	Þorsteinn Alfreðsson	B.	43,24 m.
	Ármann Lárusson	B.	39,0 -
	Dóナルd Jóhannesson	B.	34,69 -

Spjótkast	Donald Jóhannesson	B.	43,20 m
	Guðmundur Þórðarson	B.	36,25 -
	Magnús Steinþórsson	B.	34,07 -
	Ármann Lárusson	B.	30,25 -

Langstökk	1. Donald Jóhannesson	B.	6,33 m.
	2. Magnús Jakobsson	B.	5,87 -
	3. Guðm. Þórðarson	B.	5,75 -
	4. Magnús Steinþórsson	B.	5,36 -

Hástökk	1. Magnús Steinþórsson 2. Magnús Jakobsson 3. Gunnar Snorrason	B. 1,55 m. B. 1,55 - B. 1,50 -
Þristökk	1. Steingrímur Jónsson 2. Oddur Grímsson 3. Kristján Leifsson 4. Gunnar Snorrason	B. 10,99 m. B. 10,64 - B. 10,61 - B. 10,43 -
Stangarstökk	1. Magnús Jakobsson	B. 3,30 m.

Konur.

Þrjár fyrstu í hverri grein.

100 m. hlaup	1. Ína Þorsteinsdóttir 2. Guðbjörg Þorgeirsdóttir 3. Dröfn Guðmundsdóttir	B. 14,5 sek. B. 15,4 - B. 15,5 -
Langstökk	1. Ína Þorsteinsdóttir 2. Dröfn Guðmundsdóttir 3. Guðbjörg Þorgeirsdóttir	B. 4,05 m. B. 3,82 - B. 3,63 -
Hástökk	1. Ína Þorsteinsdóttir 2. Guðbjörg Þorgeirsdóttir 3. Arndís Björnsdóttir	B. 1,20 m. B. 1,20 - B. 1,15 -
Kúluvarp	1. Ragna Lindberg 2. Dröfn Guðmundsdóttir 3. Elsa Tryggvadóttir	D. 8,28 m. B. 8,15 - B. 7,91 -
Kringlukast	1. Dröfn Guðmundsdóttir 2. Kristín Davíðsdóttir 3. Elsa Davíðsdóttir	B. 30,32 m. D. 24,39 - B. 22,40 -
Spjótkast	1. Arndís Björnsdóttir 2. Birna Ágústsasdóttir 3. Ragna Lindberg	B. 32,19 m. B. 24,22 - D. 21,70 -

Sveinar.

Þrír fyrstu í hverri grein.

100 m. hlaup	1. Helgi Sigurjónsson 2. Jón Bjarnason 3. Jóhann Guðmundsson	B. 13,7 sek. D. 13,9 - B. 14,2 -
1500 m. hlaup	1. Helgi Sigurjónsson 2. Jóhann Guðmundsson	B. 5,31 mín. B. 5,41,2 -
4X100 m. boðhl.	1. Sveit UBK	60,5 sek.
Hástökk	1. Björn Magnússon 2. Daníel Þórisson 3. Ólafur Oddsson	D. 1,40 m. B. 1,35 - D. 1,35 -
Langstökk	1. Daníel Þórisson 2. Helgi Sigurjónsson 3. Björn Magnússon	B. 5,01 - B. 4,79 - D. 4,66 -
Kúluvarp	1. Ólafur Oddsson 2. Björn Magnússon 3. Skúli Stefánsson	D. 10,81 m. D. 10,65 - B. 10,52 -
Kringlukast	1. Björn Magnússon 2. Skúli Stefánsson 3. Daníel Þórisson	D. 34,19 m. B. 29,65 - B. 24,18 -
Spjótkast.	1. Björn Magnússon 2. Helgi Sigurjónsson 3. Skúli Stefánsson	D. 36,76 m. B. 31,50 - B. 28,86 -

Bandalagakeppnin.

100 m. hlaup	1. Reynir Hjartarson 2. Sigurður Viðar 3. Jóhann Friðgeirsson 4. Gunnar Snorrason 5. Haraldur Ásgeirsson 6. Kristján Leifsson	ÍBA UMSE UMSE UMSK ÍBA UMSK	11,5 sek. 11,7 - 11,9 - 12,5 - 12,8 - 13,4 -
400 m. hlaup	1. Jóhann Friðgeirsson 2. Gunnar Snorrason 3. Þórður Guðmundsson 4. Ásgeir Guðmundsson 5. Jóhann Jónsson 6. Haraldur Ásgeirsson	UMSE UMSK UMSK ÍBA ÍBA ÍBA	53,7 sek. 54,1 - 55,3 - 56,4 - 57,3 - 59,8 -
1500 m. hlaup	1. Gunnar Snorrason 2. Þórir Snorrason 3. Þórður Guðmundsson 4. Sigvaldi Júlíusson 5. Ásgeir Guðmundsson 6. Haraldur Ásgeirsson	UMSK UMSE UMSK UMSE ÍBA ÍBA	4,29,5 m-in 4,31,8 - 4,33,6 - 4,33,7 - 4,46,9 - 5,30,0 -
Kúluvarp	1. Lárus Lárusson 2. Þóroddur Jóhannsson 3. Ármann J. Lárusson 4. Björn Sveinsson 5. Sigurður Viðar 6. Reynir Hjartarson	UMSK UMSE UMSK ÍBA UMSE ÍBA	13,41 m. 12,38 - 12,09 - 11,55 - 11,47 - 9,61 -
Kringlukast	1. Þorsteinn Alfreðsson 2. Ármann J. Lárusson 3. Þóroddur Jóhannsson 4. Sigurður Viðar 5. Björn Sveinsson 6. Halldór Matthíasson	UMSK UMSK UMSE UMSE ÍBA ÍBA	44,84 m. 36,70 - 36,67 - 35,75 - 35,36 - 29,75 -

Sptótkast	1. Halldór Matthíasson 2. Björn Sveinsson 3. Jóhann Bjarnason 4. Jóhann Jónsson 5. Lárus Lárusson 6. Ármann J. Lárusson	ÍBA ÍBA UMSE UMSE UMSK UMSK	48,06 m. 45,38 - 44,75 - 42,20 - 33,23 - 32,04 -
Langstökk	1. Sigurður Viðar 2. Magnús Jakobsson 3. Reynir Hjartarson 4. Björn Sveinsson 5. Rögnvaldur Friðbjörnsson 6. Daníel Þórisson	UMSE UMSK ÍBA ÍBA UMSE UMSK	6,19 m. 5,79 - 5,72 - 5,54 - 5,52 - 4,86 -
Þristökk	1. Sigurður Viðar 2. Rögnvaldur Friðbjörnsson 3. Kristján Leifsson 4. Haraldur Ásgeirsson 5. Halldór Matthíasson 6. Daníel Þórisson	UMSE UMSE UMSK ÍBA ÍBA UMSK	12,83 m. 11,96 - 11,60 - 11,38 - 10,98 - 10,88 -
Hástökk	1. Halldór Matthíasson 2. Jóhann Jónsson 3. Reynir Hjartarson 4. Sigurður Viðar 5. Magnús Jakobsson 6. Gunnar Snorrason	ÍBA UMSE ÍBA UMSE UMSK UMSK	1,70 m. 1,65 - 1,60 - 1,60 - 1,55 - 1,50 -

4X100 m. boðhlaup

1. Sveit UMSE 47,5 sek.
2. Sveit ÍBA 49,9 -
3. Sveit UMSK 50,5 -

Stig bandalaga

- |                                |          |
|--------------------------------|----------|
| Ungmennasamband Eyjafjarðar    | 83 stig. |
| Ungmennasamband Kjalarnespings | 68 -     |
| Íþróttabandalag Akureyrar      | 63 -     |

Handknattleikur. Undankeppni fyrir landsm. UMFÍ.

U.M.S.K. - U.M.F.K. 10:6

U.M.S.K. - H.S.K. 9:5

Úrslitaleikurinn við H.S.H. fór ekki fram, vegna þess að H.S.H. gaf leikinn.

Knattspyrna. Undankeppni fyrir landsm. UMFÍ.

U.M.S.K. - U.M.S.B. 6:0

U.M.S.K. - H.S.K. 0:0

U.M.S.K. - H.S.P. 2:3 Úrslitaleikur.

BÓKASAFN  
UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS